

AUGLÝSING

um samkomulag um þátttöku í Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu.

Samkomulag milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um þátttöku þeirra ríkja í starfsemi Evrópustofnunar um framkvæmd samvinnu á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins, sem gert var í Brussel 1. febrúar 2007, öðlaðist gildi 7. apríl 2023. Stofnun ber í dag heitið Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex). Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá degi undirritunar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. maí 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

MILLI EVRÓPUBANDALAGSINS OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG KONUNGRÍKISINS
NOREGS UM ÞÁTTTÖKU ÞEIRRA RÍKJA Í STARFSEMI EVRÓPUSTOFNUNAR UM
FRAMKVÆMD SAMVINNU Á YTRI LANDAMÆRUM AÐILDARRÍKJA
EVROPUSAMBANDSINS

EVROPUBANDALAGIÐ, sem ráð Evrópusambandsins er í forsvari fyrir, annars vegar og LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, hér á eftir nefnt „Ísland“, og KONUNGRÍKIÐ NOREGUR, hér á eftir nefnt „Noregur“, hins vegar,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur hafa gert um aðkomu þeirra ríkja að framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

OG AÐ TEKNU TILLITI TIL EFTIRFARANDI:

1. Evrópubandalagið hefur, með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2007/2004¹ (hér á eftir nefnd „reglugerðin“), komið á fót Evrópustofnun um framkvæmd samvinnu á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „stofnunin“).
2. Reglugerðin er þróun Schengen-gerðanna í skilningi samningsins.
3. Í reglugerðinni er staðfest að lönd sem koma að framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna skuli taka fullan þátt í starfsemi stofnunarinnar, en þó hafa takmarkaðan atkvæðisrétt.
4. Í samningnum er ekki fjallað um það á hvaða hátt Ísland og Noregur skuli koma að starfsemi nýrra stofnana sem Evrópusambandið kemur á fót í tengslum við frekari þróun Schengen-gerðanna og ákvarða ber tiltekna þætti aðkomu þeirra að stofnuninni í viðbótarsamkomulagi milli aðila að samningnum,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Stjórnin.

1. Ísland og Noregur skulu eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar.
2. Þau skulu hafa atkvæðisrétt:
 - a) að því er varðar ákvarðanir um tiltekna aðgerðir sem til stendur að grípa til á ytri landamærum þeirra eða í námunda við þau. Sú krafa er gerð að fulltrúi þeirra í stjórninni skuli greiða atkvæði með því að tillögur að fyrrnefndum ákvörðunum séu samþykktar,
 - b) að því er varðar ákvarðanir um tiltekna aðgerðir, samkvæmt 3. gr. (sameiginlegar aðgerðir og tilraunaverkefni á ytri landamærum), 7. gr. (stjórn tæknibúnaðar), 8. gr. (stuðningur við aðildarríki við aðstæður sem krefjast aukinnar tækni- og rekstraraðstoðar á ytri landamærum) og fyrsta málslið 1. mgr. 9. gr. (sameiginlegar aðgerðir um endursendingu fólks) sem framkvæma skal með mannafla og/eða tækjabúnaði sem Ísland og/eða Noregur láta í té,
 - c) að því er varðar ákvarðanir um áhættugreiningu (þróun hinnar sameiginlegu, samþætту áhættugreiningar, almennrar og sértækrar áhættugreiningar), sem varða þau með beinum hætti, skv. 4. gr.,
 - d) að því er varðar ákvarðanir um þjálfun skv. 5. gr., að undanskildum ákvörðunum um að efna til sameiginlega grunnskólskeiðsins.

¹ Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 1.

2. gr.

Fjárframlag.

Ísland og Noregur skulu leggja sitt af mörkum til fjárhagsáætlunar stofnunarinnar í samræmi við þann hundraðshluta sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. sammingsins.

3. gr.

Gagnavernd og trúnaðarkvöð vegna gagna.

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga² gildir þegar stofnunin sendir íslenskum og norskum yfirvöldum persónuupplýsingar.

2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga³ gildir um gögn sem íslensk og norsk yfirvöld senda stofnuninni.

3. Ísland og Noregur skulu virða reglur um trúnaðarkvöð vegna skjala í vörslu stofnunarinnar, eins og fram kemur í málsmeðferðarreglum stjórnarinnar.

4. gr.

Réttarstaða.

Stofnunin skal hafa stöðu lögaðila samkvæmt íslenskum og norskum lögum og það réttthæfi á Íslandi og í Noregi sem löggjöf þeirra landa framast veitir lögaðilum. Stofnuninni er einkum og sér í lagi heimilt að afla sér lausafjár og fasteigna eða ráðstafa þeim og hún getur verið aðili að dómsmáli.

5. gr.

Ábyrgð.

Um ábyrgð stofnunarinnar gilda ákvæði 1., 3. og 5. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar.

6. gr.

Dómstóllinn.

Ísland og Noregur viðurkenna lögsögu Dómstóls Evrópubandalaganna yfir stofnuninni, eins og kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar.

7. gr.

Sérréttindi og friðhelgi.

Ísland og Noregur skulu beita ákvæðum bókunarinnar um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar, sem og gildandi reglum sem samþykktar eru samkvæmt þeirri bókun.

8. gr.

Starfslið.

1. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. reglnanna um ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er framkvæmdastjóra stofnunarinnar heimilt að ráða til starfa, með samningi, íslenska og norska ríkisborgara sem njóta fullra borgaralegra réttinda.

2. Óheimilt er þó að tilnefna íslenska og norska ríkisborgara í stöðu framkvæmdastjóra eða varaframkvæmdastjóra stofnunarinnar.

3. Þá er óheimilt að kjósa íslenska og norska ríkisborgara í stöðu formanns eða varaformanns stjórnarinnar.

² Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

³ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

9. gr.
Gildistaka.

1. Samkomulag þetta öðlast gildi einum mánuði eftir að framkvæmdastjóri ráðsins, sem skal vera vörsluaðili þess, hefur staðfest að öllum formkröfum um samþykki af hálfu eða fyrir hönd aðila, sem bundnir verða af samkomulaginu, hafi verið fullnægt.
2. Samkomulag þetta gildir til bráðabirgða frá deginum eftir að það var undirritað.

10. gr.
Gildi og slit.

1. Samkomulag þetta er til ótiltekins tíma.
2. Samkomulag þetta fellur úr gildi sex mánuðum eftir að samningnum er sagt upp af hálfu Íslands eða Noregs eða með ákvörðun ráðs Evrópusambandsins eða eftir að honum er slitið á annan hátt í samræmi við málsmeðferðina sem er lýst í 11. og 16. gr. samningsins.

Samningur sá er um getur í 17. gr. samningsins skal einnig taka til afleiðinga þess að samkomulagi þessu er slitið.

Samkomulag þetta skal, ásamt sameiginlegu yfirlýsingunni sem því fylgir, gert í tveimur eintökum á dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel fyrsta dag febrúarmánaðar árið tvö þúsund og sjö.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

Evrópubandalagsins og ríkisstjórna lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um samkomulagið um fyrirkomulag þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í starfsemi Evrópustofnunar um framkvæmd samvinnu á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins.

Evrópubandalagið,
ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og
ríkisstjórn konungsríkisins Noregs,

sem hafa gert með sér samkomulag um fyrirkomulag þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í starfsemi Evrópustofnunar um framkvæmd samvinnu á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins í samræmi við 3. mgr. 21. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2007/2004,

lýsa því hér með sameiginlega yfir að:

Réttmæti þess atkvæðisréttar sem kveðið er á um í samningnum er grundvallað á sérstökum tengslum við Ísland og Noreg, sem aftur stafa af aðkomu þeirra ríkja að framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, eins og viðurkennt er í Schengen-bókuninni við Amsterdam-sáttmálann.

Fyrirnefndur atkvæðisréttur heyrir til undantekningar sem verður rakin til séreðlis Schengen-samstarfsins og sérstöðu Noregs og Íslands.

Því ber eigi að líta á hann sem lagalegt eða pólitískt fordæmi fyrir samstarfi á neinu öðru sviði milli aðila að samningnum eða fyrir þátttöku annarra þriðju ríkja í öðrum stofnunum Sambandsins.

Fyrirnefndum atkvæðisrétti skal aldrei beita er um ræðir ákvarðanir á sviði reglu- eða lagasetningar.

ARRANGEMENT BETWEEN
THE EUROPEAN COMMUNITY AND THE REPUBLIC OF ICELAND AND
THE KINGDOM OF NORWAY ON THE MODALITIES OF THE PARTICIPATION
BY THOSE STATES IN THE EUROPEAN AGENCY FOR THE MANAGEMENT
OF OPERATIONAL COOPERATION AT THE EXTERNAL BORDERS OF
THE MEMBER STATES OF THE EUROPEAN UNION

THE EUROPEAN COMMUNITY,

represented by the Council of the European Union,

of the one part, and

THE REPUBLIC OF ICELAND, hereinafter referred to as "Iceland", and

THE KINGDOM OF NORWAY, hereinafter referred to as "Norway",

of the other part,

HAVING REGARD TO the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* (hereinafter referred to as "the Agreement");

WHEREAS:

(1) By Council Regulation (EC) No 2007/2004¹ (hereinafter referred to as "the Regulation") the European Community established the European Agency for the Management of Operational Cooperation at the External Borders of the Member States of the European Union (hereinafter referred to as "the Agency").

(2) The Regulation constitutes a development of the Schengen *acquis* within the meaning of the Agreement.

(3) The Regulation confirms that countries associated with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* should participate fully in activities of the Agency, albeit with limited voting rights.

(4) The Agreement does not address the modalities of the association of Iceland and Norway with the activities of new bodies set up by the European Union in the framework of the further development of the Schengen *acquis*, and certain aspects of the association with the Agency should be settled in an additional arrangement between the Contracting Parties to the Agreement,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1

The Management Board

1. Iceland and Norway shall be represented in the Management Board of the Agency, as laid down in Article 21(3) of the Regulation.

2. They shall have voting rights:

(a) as regards decisions on specific activities to be carried out at, or in the vicinity of, their external borders. Proposals for such decisions shall require a vote in favour of their adoption by their representative in the Management Board;

(b) as regards decisions on specific activities under Article 3 (joint operations and pilot projects at external borders), Article 7 (management of technical equipment), Article 8 (support to Member States in circumstances requiring increased technical and operational assistance at external borders) and Article 9(1), first sentence (joint return operations) to

¹ OJ L 349, 25.11.2004, p. 1.

- be carried out with human resources and/or equipment made available by Iceland and/or Norway;
- (c) as regards decisions on risk analysis (development of the common integrated risk analysis, general and specific risk analysis), directly affecting them, under Article 4;
 - (d) as regards decisions on training activities under Article 5, except on establishment of the common core curriculum.

ARTICLE 2

Financial contribution

Iceland and Norway shall contribute to the budget of the Agency in accordance with the percentage laid down in Article 12(1) of the Agreement.

ARTICLE 3

Protection and confidentiality of data

1. Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data² shall apply where personal data are forwarded by the Agency to Icelandic and Norwegian authorities.

2. Regulation (EC) No 45/2001 of the European Parliament and of the Council of 18 December 2000 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data by the Community institutions and bodies and on the free movement of such data³ shall apply to data forwarded by the Icelandic and Norwegian authorities to the Agency.

3. Iceland and Norway shall respect the rules on confidentiality of documents held by the Agency, as set out in the Rules of Procedure of the Management Board.

ARTICLE 4

Legal status

The Agency shall have legal personality under Icelandic and Norwegian law and shall enjoy in Iceland and Norway the most extensive legal capacity accorded to legal persons under Icelandic and Norwegian law. It may, in particular, acquire or dispose of movable and immovable property and may be party to legal proceedings.

ARTICLE 5

Liability

The liability of the Agency shall be governed, as provided for in Article 19(1), (3) and (5) of the Regulation.

ARTICLE 6

Court of Justice

Iceland and Norway shall recognise the jurisdiction of the Court of Justice of the European Communities over the Agency, as provided for in Article 19(2) and (4) of the Regulation.

ARTICLE 7

Privileges and immunities

Iceland and Norway shall apply to the Agency and to its staff the Protocol on the Privileges and Immunities of the European Communities and applicable rules adopted pursuant to that Protocol.

² OJ L 281, 23.11.1995, p. 31. Directive as amended by Regulation (EC) No 1882/2003 of the European Parliament and of the Council (OJ L 284, 31.10.2003, p. 1).

³ OJ L 8, 12.1.2001, p. 1.

ARTICLE 8

Staff

1. By way of derogation from Article 12(2)(a) of the Conditions for employment of other servants of the European Communities, nationals of Iceland and Norway enjoying their full rights as citizens may be engaged under contract by the Executive Director of the Agency.

2. Nationals of Iceland and Norway may not, however, be appointed to the posts of Executive Director or Deputy Executive Director of the Agency.

3. Nationals of Iceland and Norway may not be elected as Chairperson or Deputy Chairperson of the Management Board.

ARTICLE 9

Entry into force

1. This Arrangement shall enter into force one month following the day on which the Secretary-General of the Council, who shall act as its depositary, has established that all formal requirements concerning the expression of the consent by or on behalf of the Parties to this Arrangement to be bound by it have been fulfilled.

2. This Arrangement shall apply provisionally as from the day following that of its signature.

ARTICLE 10

Validity and termination

1. This Arrangement shall be concluded for an unlimited period.

2. This Arrangement shall cease to be in force 6 months after the Agreement is denounced by Iceland or by Norway or by decision of the Council of the European Union, or is otherwise terminated in accordance with the procedures described in Articles 11 and 16 of the Agreement.

The agreement referred to in Article 17 of the Agreement shall also cover the consequences of termination of this Arrangement.

This Arrangement, as well as the Joint Declaration annexed thereto, shall be drawn up in duplicate in the Czech, Danish, Dutch, English, Estonian, Finnish, French, German, Greek, Hungarian, Italian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Portuguese, Slovak, Slovenian, Spanish, Swedish, Icelandic and Norwegian languages, each of those texts being equally authentic.

Done at Brussels on the first day of February in the year two thousand and seven.

JOINT DECLARATION

by the European Community and the Governments of the Republic of Iceland
and the Kingdom of Norway
concerning the agreement on the arrangements for the participation
by the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway
in the European Agency for the Management of Operational Cooperation
at the External Borders of the Member States of the European Union

The European Community,
the Government of the Republic of Iceland and
the Government of the Kingdom of Norway,

Having concluded an agreement on the arrangements for the participation by the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway in the European Agency for the Management of Operational Cooperation at the External Borders of the Member States of the European Union in accordance with Article 21(3) of Council Regulation (EC) No 2007/2004,

Hereby jointly declare that:

The voting rights provided for in the Agreement are justified by the special relations with Iceland and Norway flowing from the association of these States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, as recognised in the Schengen Protocol to the Treaty of Amsterdam.

Those voting rights are of an exceptional nature attributable to the specific nature of Schengen cooperation and the special position of Norway and Iceland.

They may therefore not be regarded as a legal or political precedent for any other field of cooperation between the parties to the Agreement or for the participation of other third countries in other agencies of the Union.

In no circumstances may these voting rights be exercised in respect of decisions of a regulatory or legislative nature.

C-deild – Útgáfudagur: 10. september 2024